

Vestmannaeyjar, 3. desember 2020.

### **Efni: Staðfesting sveitarstjórnar um tilhögun vinnutímastyttingar**

Vinnuvika dagvinnufólks er í dag 40 stundir en heimilt er með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks sveitarfélags/stofnunar/vinnustaðar að stytta vinnuvikuna, án launaskerðingar og kostnaðarauka, með því að endurskipuleggja vinnuna þannig að nýta megi tímann betur.

Innleiðingarhópur Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) sendi frá sér erindi/leiðbeiningar þann 24. ágúst sl. er varðar styttingu vinnuvikunnar. Samkvæmt leiðbeiningum frá SÍS er gert ráð fyrir að sveitarfélög myndu skipa sérstaka vinnutímanefnd til að annast undirbúning og skipulagningu. Í framhaldi af því ákvað bæjarráð, á fundi sínum þann 9. september sl., að skipa vinnutímanefnd fyrir starfsemi Vestmannaeyjabæjar, sbr. fyrirbyggjandi erindisbréfi. Vinnutímanefndin hafði verkefnastjórn með þessu verkefni. Hlutverk hennar var m.a. að skipa ákveðna starfshópa á öllum vinnustöðum sveitarfélagsins sem alls eru 13 talsins. Vinnutímanefndin fundaði með öllum starfshópum innan hvers vinnustaðar. Þá tók vinnutímanefndin að sér að greina alla vinnustaði m.t.t. breytinga á vinnutíma með hliðsjón af starfsemi og þjónustu vinnustaðar. Um var að ræða umfangsmikið verkefni þar sem vinnutímaskipulag var ólíkt á milli starfsmanna og fjöldi starfsmanna nærri 200. Þá hefur vinnutíma nefndin tekið fræðslu, skorað á vinnustaði að kynna sér efnið vandlega, tekið samtalið og verið til ráðgjafar fyrir starfshópa á hverjum vinnustað fyrir sig.

Styttingin getur að hámarki numið 4 stundum á viku, þ.e. farið úr 40 í allt að 36 virkar vinnustundir fyrir starfsfólk í 100% starfshlutfalli. Samhliða því verður grein 3.1 um matar- og kaffitíma í kjarasamningi óvirk. Engu að síður fær starfsfólk styttri hlé til að nærast á vinnutíma eins og við verður komið. Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi styttist hlutfallslega.

Náist ekki samkomulag um breytt skipulag vinnutíma styttist vinnutími starfsfólks sem nemur 13 mínútum á dag (65 mín. á viku) miðað við 40 stunda vinnuviku án breytinga á matar- og kaffitímum.

Mikilvægt er að hafa það í huga að styttingin á ekki að leiða til aukins launakostnaðar eða röskunar á þjónustu. Starfsmenn geta ekki „frestað“ styttingu vinnutíma eða áunnið sér rétt til að taka hana út í annan tíma en vinnutímasamkomulag gerir ráð fyrir. Auk þess á stytting vinnuvikunnar ekki að vera til að auka eða minnka önnur réttindi. Þannig hefur hún ekki áhrif á ávinnslu annarra réttinda svo sem orlof eða veikindi. Því er ljóst að það skapast hvorki inneign né skuld vegna styttingar sem ekki er tekin samkvæmt vinnutímasamkomulagi.

Starfahópar á vinnustöðum tóku virkan þátt, stóðu fyrir fræðslu, tóku samtalið m.a um skipulag vinnunnar í takt við þjónustuna, úrbætur og almennt um starfsumhverfið. Starfahóparnir mótuðu og lögðu fram tillögur á hverjum vinnustað að loknu samtali. Það er því ekki gert samkomulag við hvern starfsmann, heldur við vinnustaði í heild sinni. Í

framhaldinu voru lýðræðislegar kosningar á hverjum vinnustað um hvaða tillaga varð fyrir valinu sú tillaga sem fékk flest atkvæði í atkvæðagreiðslu var samþykkt og þarf meirihluti þeirra starfsmanna sem tillagan varðar að taka þátt. Þegar niðurstaða samtals um skipulag vinnutíma liggur fyrir skal vinnutímasamkomulag annars vegar borið undir atkvæði þeirra sem starfa hjá viðkomandi sveitarfélagi/stofnun/vinnustað og hins vegar skal það fá staðfestingu sveitarstjórnar eða eftir atvikum stjórnar stofnunar. Samþykkt tillaga er ígildi samkomulags þegar sveitarstjórn hefur staðfest hana. Í kjölfarið skal senda afrit til innleiðingarhóps.

Fyrir liggur samantekt á niðurstöðu atkvæðagreiðslna um vinnutímasamkomulag hjá Vestmannaeyjabæ, sjá meðfylgjandi niðurstöður. Þegar skoða þarf aðstæður á hverjum vinnustað fyrir sig út frá möguleikum til styttingar vinnutíma og töku neysluhléa þá sést vel á þeirri samantekt sem liggur fyrir að erfiðara var að samræma styttingu á stærri vinnustöðum sem þarfnast staðbundinnar viðveru eins og leik og grunnskólar. Þá sérstaklega þar sem hafa þarf til hliðsjónar að stytting á ekki að leiða til aukins launakostnaðar né röskunar á þjónustu. Með vísan til þess óskar vinnutímanefndin eftir því að sveitarstjórn samþykki framangreindar tillögur með fyrirvara um nánari útfærslu hvers og eins vinnustaðar. Gert er ráð fyrir að allar útfærslur munu liggja fyrir, fyrir innleiðingu þann 1. janúar 2021. Endurskoðunarákvæði eru í samkomulögum tveir til fimm mánuðir í takt við óskir vinnustaða

Virðingarfyllst,  
F.h. vinnutímanefndar

---

Eydís Ósk Sigurðardóttir